

Samstarfsyfirlýsing grunnskóla í Breiðholti

Grunnskólarnir í Breiðholti, *Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli, Seljaskóli* og *Ölduselsskóli*, hafa það lögbundna hlutverk, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska nemenda sinna. Hafa skólarnir sammælt um að hafa með sér samstarf á sem flestum þeim sviðum sem eftir getur faglegt starf skólanna. Er það gert með hagsmunum nemenda að leiðarljósi og snertir jafnt nám þeirra, félagslega vellíðan og öryggi. Samstarfið tekur til fjögurra sviða – nemenda, námsumhverfis, mannauðs og grenndarsamfélags.

Nemendur

Í hverjum skóla er nemandinn í öndvegi. Mikilvægt er að komi til flutnings nemenda milli skóla í hverfinu valdi það sem minnstum óþægindum fyrir nemandann. Þegar til slíkrar tilfærslu nemenda milli skóla kemur hafa skólarnir með sér samráð með tilheyrandi upplýsingaflæði milli viðkomandi skóla. Við skólaskipti skal að öllu jöfnu hafa skilafund með aðkomu beggja skóla og forráðamanna nemandans.

Námsumhverfi

Samvinna starfsfólks í grunnskólum Breiðholts er sjálfsagður og nauðsynlegur þáttur skólastarfs sem skólarnir hvetja til og styðja með markvissum hætti. Skólarnir hafa samstarf um námskrárgerð og ákveðna samræmingu náms með það að leiðarljósi að nemendum í Breiðholti bjóðist sambærilegt nám í skólunum fimm. Hver skóli hefur þó sín sér einkenni og áherslur.

Mannauður

Löggö er áhersla á að styrkja skólana í Breiðholti sem lærdómssamfélag. Gott lærdómssamfélag verður aðeins til fyrir tilstilli góðrar og faglegrar samvinnu allra sem í skólunum starfa þar sem ríkir metnaður, traust, vandvirkni, virðing í hvívetna. Slíkt samstarf er eðlilegt fyrir framþróun skólastarfs og eykur árangur nemenda.

Í Breiðholti þykja gagnkvæmar heimsóknir starfsfólks grunnskólanna mikilvægar auk þess sem kappkostað er að nýta eftir föngum tækifæri til sameiginlegrar fræðslu og námskeiða.

Grenndarsamfélag

Samvinna við heimili og grenndarsamfélag er mikilvægur þáttur skólastarfs sem skólarnir leggja rækt við og styðja eftir föngum. Sérstök rækt er lögð við samstarf skóla á öðrum skólastigum. Hvatt er til samveru og samstarfs allra foreldra í Breiðholti, ekki hvað síst foreldra af erlendum uppruna. Þá hvetja skólarnir foreldrafélög skólanna til aukins samstarfs t.d. um fræðslufundi og námskeiðahald.

Allir grunnskólar í Breiðholti njóta þjónustu frá þjónustumiðstöð Breiðholts sem miðar að því að veita fjölskyldum heildstæða þjónustu í hverfinu.

Reykjavík, 5. september 2014

Jónína Ágústsdóttir, skólastjóri Breiðholtsskóla,

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Fellaskóla,

Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri Hólabrekkuskóla,

Þórður Kristjánsson, skólastjóri Seljaskóla

Börkur Vígbórsson, skólastjóri Ölduselsskóla